



Aðalfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 14. maí 2012

Mættir úr stjórn Elísabet Kjartansdóttir, Erla Guðmundsdóttir Guðmunda Hergeirsdóttir, Halldóra Hreinsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir auk 13 foreldrar.

Guðmunda setti fundin.

Lovísa námsráðgjafi fór yfir niðurstöður eineltiskönnunar Olweusar skólaárið 2011-2012.

-Könnun framkvæmd í nóvember 2011.

-Niðurstöður í það heila góðar, bæting frá því í fyrra.

Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stórnar. Guðmunda las skýrslu stjórnar. Verður aðgengileg á vefsvæði FFA á heimasíðu skólans
2. Skýrsla gjaldkera. Halldóra gjaldkeri fór yfir ársreikningana, samþykktir af fundarmönnum.
3. Lagabreytingar. Engar gerðar.
4. Kosning stórnar. Guðmundur formaður mun ekki gefa kost á sér áfram. Elísbet, Erla og Guðmunda munu heldur ekki gefa kost á sér áfram. Kjósa þarf 4 nýja stórnarmenn þar af formann sérstaklega auk tveggja varamann. Kosnir voru:
Agnes
Þóra
Hrefna
Jóna Guðrún formaður
Þórhallur varamaður
Örn Ævar varamaður
5. Kosning í skólaráð. Guðmunda Hergeirsdóttir gaf kost á sér.
6. Kosning skoðunarmanns reikninga . Jana gaf kost á sér.
7. Ákvörðun árgjalds. Óbreytt frá því í fyrra 1500 kr.
8. Önnur mál
 - Spurning úr sal, er ekkert eftirlit með starfi bekkjarfulltrúa?
Rætt um hversu erfitt sé að fá bekkjarfulltrúa og þeir misvirkir, hvernig má bæta það og halda utan um þeirra framlag. Væri sniðugt að hver hópur/bekkur væri með sinn facebook hóp þar sem væri hægt að halda utan um starfið hjá hverjum bekk, væri auðvitða bara fyrir foreldra.

- Spurning úr sal, Akuskóli á iði mun það ekki halda áfram? Svarað að því verður komið á köppinn fljótlega.
- Spurt hvort ekki þurfi að styrkja Reykjaferð 7. bekkinga betur en verið hefur og einnig vorferð 10. bekkjar þ.e. að FFA komi meira að því. Þarf líka að efla foreldra barna í 6. bekk til að standa í fjáröflun fyrir Reykjaferðina sem kostar 20.000-30.000 kr á barn. Spurning um að hætta með laufabrauðin sem gefa lítið í aðra hönd fyrir. 6. bekk og hafa jólabingó í staðinn. FFA gæfi þá vinninga (líka hægt að safna þeim) og 6. bekkur fengi ágóðann. Nemendur í 10. bekk fengu þá að halda páskabingó fyrir nemendur í 8.-10. bekk, FFA gæfi vinninga en nemendur 10. bekkjar sæu um framkvæmdina og hlytu ágóðann. Jana ætlar að gera skýrslu um fjáröflunarstarf 10. bekkjar í vor og gera aðgengilega á heimasíðu skólans.
- Vegna þess að misfórst að sækja barmblóm fyrir árs hátíð 10. bekkinga er lögð fram sú tillaga að foreldrar nemenda í 10. bekk sæki blómin í stað FFA
- Óánægju lýst með ófenga drykki í stauþum í árlegum 10. bekkjarmálsverði, stingur í stúf við forvarnir en ekki allir fundarmenn sammála.
- Spurt hvort einhverjar reglur eru varðandi það hvaða kennurum er boðið í málsverð með 10. bekkungum eða hvort það er geðþóttaákvörðun. Tillaga að kennaralísti sé settur á kennarastofuna og þeir kennarar sem vilja tilkynni þátttöku og borgi 1000 kr fyrir matinn (fyrirmynd frá Heiðarskóla)
- Farið yfir lesskimun LOGOS og þær góðu niðurstöður sem finna má hér í skólanum. Akurskól í 2. sæti í hraða og hæst í lesskilningi (m.v. 3. bekk í Reykjanesbæ, Sandgerði og Garði) Frábær árangur. 6. bekkur í 3. sæti bæði í hraða og lesskilningi. Niðurstöður úr Læsi 2, 70% nemenda ná góðum árangri og eru vel læst eða fluglæs. Skólinn sýnir framfarir í öllum þessum lestrarskimunum sem lagðar eru fyrir nemendur og bæting um 10 % frá því í fyrra.
- Elín Rós hélt kynningu á verkefninu „orð af orði“ sem unnið er með í 6. og 7. bekk. Í framhaldi af kynningunni sköpuðust umræður um upplestur á unglíngastigi sem foreldrar þurfa að kvitta fyrir. Sumir foreldrar óánægðir með fyrirkomulagið eða að það hafi ekki verið kynnt foreldrum á réttan hátt. Tillaga að þetta a verði kynnt betur fyrir foreldrum t.d. á námsefnakynningu.

Fundi slitið

Fundarritari Elísabet Kjartansdóttir.